

Ásvan ehf.  
Efstasundi 4  
104 Reykjavík

Reykjavík, 11. október 2022  
UST202205-197/F.K.  
07.05.02

### **Vanmerkt efnavara - Málslok**

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 7.7.2022 þar sem tilgreindar voru kröfur um úrbætur á merkingum vörunnar Mist&Co Makeup Brush Cleaner daily – Green tea/Lime, sem fyrirtækið Ásvan ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á. Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöður eftirlitsins má nálgast í eftirlitsskýrslu sem birt er á vefsíðu Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörunar séu ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Að framansögðu telst máli því sem hófst með bréfi dags. 7.7.2022 því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með vörunni Mist&Co Makeup Brush Cleaner daily – Green tea/Lime og því aðeins gerðar athugasemdir við vöruna sem ábending barst um. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Ásvan ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrreða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum.

Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 38.000,-.

Virðingarfyllst,

Fífa Konráðsdóttir,  
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir,  
sérfræðingur